

Nýir Kerhraunarar – innilega velkomnir!



Hér fyrir neðan er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar sem við hvetjum ykkur til að lesa vel. Nýir Kerhraunarar ættu að kynna sér gildandi deiliskipulag og deiliskipulagsskilamála er varða Kerhraun.

<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?it emid=CNFVLEKTek20ZilZVtcuFA>

<https://www.utu.is/wp-content/uploads/2022/02/2a.-Kerhraun-svaedi-abc-grg.pdf>

Ef upp koma spurningar eða athugasemdir þá endilega hafið samband á kerhraun@kerhraun.is

Í Kerhrauni eru lóðir eignarlóðir sem þýðir að eigendur koma inn í samfélag þar sem kjörin stjórn á hverjum tíma tekur að sér að framfylgja framkvæmdaáætlun sem samþykkt er á aðalfundi ár hvert.

Gildandi lögum um frístundabyggðir ásamt byggingar- & skipulagslögum ber að framfylgja og því eru það vinsamleg tilmæli að enginn fari af stað með byggingaráform eða framkvæmdir án þess að vera búinn að tala við byggingar- og skipulagsfulltrúa hjá www.utu.is á Laugarvatni. (Umhverfis- & tæknisvið uppsveita).

□ **Við undirritun kaupsamnings:**

Áður en kaupandi af frístundahúsi eða frístundalóð skrifar undir kaupsamning á fasteignasalinn að tryggja að kaupandi fái upplýsingar um að engin framkvæmagjöld hvíli á eigninni, best að óska eftir GPS mælingu.

Eftir undirritun á fasteignasalinn eða nýr eigandi að tilkynna eigandaskiptin á kerhraun@kerhraun.is og senda inn nafn, kennitölu, heimilisfang, stað, netfang og símanúmer og í framhaldi mun fulltrúi stjórnar hafa samband við nýja kaupendur.

□ **Frístundahúsafélag og stjórn:**

Í Kerhrauni er samkvæmt lögum starfandi frístundahúsafélag. Stjórnin er skipuð fimm félagsmönnum og hlutverk hennar er m.a. að halda utan um hagsmunamál félagsins, vinna eftir gildandi framkvæmdaáætlun sem samþykkt er á aðalfundi ár hvert, vera tengiliður við hreppinn og ýmsa þjónustuaðila.

Allar almennar fyrirspurnir skulu sendast á kerhraun@kerhraun.is eða á sitjandi formann hverju sinni og þær upplýsingar má finna á heimasíðunni undir *Um okkur*.

□ **Heimasíða:**

Félagið heldur út heimasíðu, <http://www.kerhraun.is> með gagnlegum upplýsingum fyrir félagsmenn, m.a. um félagið, hlutverk þess og stjórn. Við hvetjum alla til að kynna sér vel það sem er á heimasíðunni, bæði á opnu síðunni og á innra svæðinu (aðgangsorð nauðsynlegt), þar er að finna m.a fundargerðir stjórnar sem allir ættu að lesa.

□ **Félagatal:**

Á innra svæðinu á heimasíðunni er að finna skrá yfir alla féлага, heimilisföng, símanúmer og netföng. Fulltrúi stjórnar heldur utan um að uppfæra skrána og leitar eftir nauðsynlegum upplýsingum hjá nýjum félögum eins og kom fram hér að ofan. Það er mjög nauðsynlegt að muna eftir að tilkynna stjórn ef breyting verður á t.d. á eignarhaldi, símanúmeri eða netfangi.

□ **Fésbókarsíðan:**

Í Fb er hópur sem heitir *Kerhraunrarar* sem er lokaður og er fyrst og fremst fyrir eigendur og nánustu ættingja. Hópurinn er vettvangur upplýsinga, almennra spurninga, athugasemda og fréttu af lífinu í Kerhrauni. Það er fulltrúi stjórnar sem samþykkir nýja hópfélaga.

□ **Um gengnisreglur:**

Á heimsíðu félagsins er að finna sérstakar reglur um umgengni á svæðinu en þær voru samþykktar á aðalfundi 2013 og tvisvar sinnum síðan. Uppfærðar síðan Allir Kerhraunarar ættu að kynni sér vel þessar reglur og virða þær eins og uppgefinn hámarkshraða á svæðinu, akstur annara ökutækja, þungatakmarkanir, gróðursetningar, göngustíga, útivistarsvæðin, kyrrð, lýsingu húsa, geymslu númerislausra farartækja, meðferð elds o.fl.

Þungatakmarkanir gilda venjulega frá 1. apríl til 20. maí nema annað sé ákveðið út frá tíðarfari og er það þá auglýst sérstaklega meðal félagsmanna. Það er stranglega bannað að fara með þungar vélar, tæki eða bíla inn á svæðið á meðan þungatakmarkanir eru í gildi og er lóðareigandi ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða á viðkvæmum vegum.

□ **Hlið:**

Kerhraun er afgirt svæði með rafmagnshliði. Til að komast inn á svæðið þarf lóðarhafi að hafa skráð GSM númer. Nýr eigandi getur nýtt sér 4 númer sem fylgja viðkomandi lóð og sendir hann þessi númer á kerhraun@kerhraun.is og eru þau skráð í hliðið á lóð viðkomanda.

Síðan eru sérstök tímabundin útfærsla fyrir t.d. iðnaðarmenn sem vinna í Kerhrauni um ákveðinn tíma og lóðarhafi ber ábyrgð á þeim verktökum sem hann vill veita aðgang. Þessar sérstöku útfærslur eru alfarið á hendi fulltrúa sem stjórn felur verkið.

Allar breytingar á símanúmerum og netföngum er á ábyrgð félagsmanna.

Sérstök lausn er fyrir þá sem leigja á 90 daga reglunni, linkur sem leigusali skráir sjálfur inn leigendur á tímastilli þó ekki lengur en 1 vika. Langtíma útleiga er bönnuð í Kerhrauni samkvæmt skilmálum um frístundabyggðir.

Aukahlið notast í þeim tilfellum þegar rafmagnshliðið virkar ekki t.d. vegna rafmagnsleysis, bilunar eða annarra orsaka.

□ **Myndavél:**

Rétt við hliðið eru staðsettar myndavélar sem snúa að rafhliðinu og inn í Kerhraunið. Ein vélanna beinist að vinpokanum og gefur hugmynd um veður og færð. Vakin er athygli á því að allir sem koma að hliðinu eru upplýstir um tilurð myndavélanna en þær hafa þann tilgang að auka öryggi allra í Kerhrauni.

□ **Sameiginleg svæði:**

Innan Kerhrauns eru tvö sameiginleg svæði sem eru skipulögð sem útivistarsvæði – sjá yfirlitsmynd af svæðinu á heimasíðunni undir flípanum *Skipulag*.

Á öðru svæðinu er að finna skipulagt leiksvæði fyrir börn sem hlaut nafnið „Útí móa“, göngustíga og þar hefur verið plantað trjám undanfarin ár.

Hitt svæðið sem kallast „Gilið“ er m.a. notað þegar Kerhraunarar koma saman um Verslunarmannahelgina við varðeldinn.

VEITUR:

□ **Hitaveita:**

Langflest hús í Kerhrauni eru tengd Orkuveitu Hæðarenda, eigandi og rekstraraðili er Sigurður Jónsson á Hæðarenda í síma 899-9671.

Ef upp koma spurningar eða vandamál er rétt að snúa sér beint til hans.

□ **Kalt vatn:**

Öll hús í Kerhrauni eru tengd við veitukerfi hreppsins, í bilanatilfellum skal hafa samband við „**Vaktsíma bilana: 867-0408**“.

Ef upp koma vandamál með seyrulosun leitið upplýsinga á www.gogg.is

□ **Snjómokstur:**

Stjórn Kerhrauns gerir ráð fyrir í árlegri framkvæmdaáætlun ákveðinni upphæð í snjómokstur sem finna má í gildandi framkvæmdaáætlun. Stjórnin gerir árlega samning við verktaka um að taka að sér sjómokstur á svæðinu.

Í upphafi vetrar er fyrirkomulag snjómokstursdaga sett inn á kerhraun.is, nafn verktaka og GSM númer og þeir sem óska eftir frekari mokstri t.d. á heimkeyrslum verða að hafa beint samband við mokstursaðila og greiða úr eigin vasa.

□ **Samlagsvegur:**

Vegurinn frá Biskupstungnabrautinni og að Seyðishólum er kallaður *Samlagsvegur* og er merktur sem einkavegur. Hann er nýttur af þeim 5 frístundahúsafélögum sem eiga aðkomu frá Biskupstungnabraut.

Sérstök stjórn Samlagsins er skipuð fulltrúum frístundahúsafélaganna 5 sem nýta veginn og við í Kerhrauni eigum tvo fulltrúa í stjórninni. Hlutverk stjórnarinnar er m.a. að sjá um uppbyggingu, viðhald og annað sem til fellur.

□ **Öryggisnúmer:**

Við hvetjum alla frístundahúsaeignur til að fá sér öryggisnúmer en *Neyðarlínan 112* heldur utan um skráningu númera. Pöntunarsími er 581-3200 eða á sumarhus@sumarhus.is.



□ **Kerbúðin:**

Rétt innan við hliðið stendur lítið hús sem nefnist Kerbúðin. Á sumrin er starfrækt þar verslun með vörum sem félagsmenn framleiða eða vilja selja.

□ **Dósasöfnun og trjárækt:**

Á beina kaflanum er gámasvæði og þar er staðsettur lítill dósagámur. Félagsmenn stuðla að trjárækt á sameiginlegum svæðum með því að skila drykkjarumbúðum í gáminn en allur ágóði af dósasöfnuninni fer í að kaupa tré fyrir félagið.



Stjórn Kerhrauns hefur gert samning við *Græna skáta* sem munu sjá um að sækja og skila dósunum en andvirði þeirra skiptist jafnt á milli skátanna og félagsins.



Aðrar gagnlegar upplýsingar:

□ Hreppurinn Grímsnes- & Grafningshreppur:

Heimasíðu hreppsins er www.gogg.is og skiptist síðan í 3 megin hluta, *Þjónusta – Stjórnsýsla – Mannlíf*

Undir þessum 3 hlutum síðunnar má finna ítarlegar og góðar upplýsingar um þá þjónustu sem hreppurinn veitir m.a. þá verktaka sem bjóða frístundahúsaeygendum þjónustu og kvetur stjórn allt til að kynna sér síðuna vel.

□ Gámastöð Seyðishólum:

Í Grímsnesi- og Grafningshreppi gilda ákveðnar reglur um flokkun á heimilissorpi og um skil á gjaldskyldum úrgangi.

Allar nánari upplýsingar um sorp og endurvinnslu ásamt opnunartíma og gildandi reglum má finna á:

<https://www.gogg.is/is/thjonusta/umhverfis-framkvaemda-og-veitumal/sorp-og-endurvinnsla>

Allir Kerhraunarar sem hér dvelja bera alfarið ábyrgð á að koma flokkuðu heimilissorpi á gámastöðva.